Skýringar á táknum

Öll mál eru í mm nema annað sé tekið fram.
Hæðarkótar eru í metrum yfir sjávarmáli í hnitakerfi sem nefnt er í hnitaskrá.

16,840 — Hæðarkóti á grunnmynd

16,840 — Hæðarkóti í sniði

100 — Plötuþykkt

H01 — Hnitapunktur

Mörk klapparskeringar

Þjöppuð fylling

2 / 1 — Táknar halla á graftarmörkum eða fyllingu sýnd á sniðum. Lárétti hlutinn er alltaf 1 og lóðrétti hlutinn skilgreinir hallann.

Steinsteypa

Forsteyptar einingar

Gat í botnplötu

Gat í sökkulvegg/fót

Snið númer
AA
B_G_01_01
Snið sýnt á teikningu númer

Deili númer
AA
B_S_01_01
Deili sýnt á teikningu númer
Svæði sem deili sýnir

Snið/Deili númer
AA
B_G_01_01
Snið
M 1:20
Snið/Deili tekið á teikningu númer

Steinsteypa

Öll steypa skal vera í samræmi við ÍST EN 206.

Steypa er skilgreind með röð bók og tölustafa sem dæmi C25/30-XC2-25 þar sem 25 er sívalningsþrýstiþol og 30 teningsþrýstiþol steypunnar, XC2 er umhverfisflokkur og 25 er stærsta kornastærð.

Steypugerðir sem nota skal í mannvirkið eru:

- Sökklulfótur og botnplata	C30/37-XC2/XC3-25
- Veggir	C30/37-XC2/XC3-25

Öll steypuvinna skal vera í samræmi við ÍST EN 13670.
Vegna steypu að vetrarlagi skal styðjast við RB blaðið vetrarsteypa.

Járnbending

Allt kambstál skal vera af gerðinni B500B í samræmi við ÍST EN 10080.

Fyrir beygð járn skal nota skífu með þvermál 4D þar sem D er þvermál kambstáls. Gildir þetta um K10, K12 og K16 stangir. Fyrir K20 og K25 skal þvermál skífu vera 7D.

Lása á lykkjum skal beygja samkvæmt skýringarmynd



Frágangur járna



Skeytilengdir

K10	S = 500mm
K12	S = 600mm
K16	S = 800mm
K20	S = 1200mm

Steypuhulur

Steypt á fyllingu	50mm
Fyllt að fleti	40mm
Veggir, inn- og útbrún	30mm
Óvarðir veggir úti	40mm
Plötur, efri brún	30mm
Plötur neðri brún	30mm

Almennar skýringar

Öll vinna skal vera í samræmi við teikningar þessar og veklýsingar þar sem um þær er að ræða, kröfur byggingareglugerðar og gildandi staðla.

Sannreyna skal öll mál og aðstæður á verkstað áður en vinna hefst og tilkynna byggingarstjóra um öll frávik og misræmi.

Allt byggingarefni er háð samþykki byggingarstjóra.

Tryggja skal stöðugleika mannvirkis á öllum stigum framkvæmdar með tímabundnum stífingum, festingum eða öðrum aðferðum sem henta hverju sinni, svo sem að fylla að beggja vegna sökkuls þegar verið er að undirbúa fyllingu undir plötu.

Álagsforsendur

Eiginþyngd og notálag

Eiginþyngd og notálag eru reiknuð samkvæmt ÍST EN 1991-1-1.

Eiginþyngd reiknast sem eiginþyngd byggingarefna ásamt viðbótareiginþyngd fyrir lagnir og búnað:

Eiginþyngd þakvirkis	g_k = 1,0 kN/m^2
Notálag er í flokki A	q_k = 2,0 kN/m^2 Q_k = 2,0 kN

Snjóálag

Snjóálag er reiknað samkvæmt ÍST EN 1991-1-3.

Grunngildi snjóálags	s_k = 6,1 kN/m^2

Vindálag

Vindálag er reiknað samkvæmt ÍST EN 1991-1-4.

Umhverfisflokkur I	z_0 = 0,01
Viðmiðunarhæð	z = 4,4 m
Grunngildi vindálags	$q_p(z)$ = 1,9 kN/m^2

Jarðskjálftaálag

Jarðskjálftaálag er reiknað samkvæmt ÍST EN 1998-1.

Jarðvegsflokkur A	S = 1,0
Dempun 5%	η = 1,0
Grunnhröðun	A_{gR} = 0,5g

Stálvirki

Allt stál skal vera af gerðinni S235 - JRG2 í samræmi við ÍST EN 10025.

Allt stál sem stendur utan dyra skal heitsinkhúða eftir smíði í samræmi við tæringarflokk 3 skv. grein 8.4.2. í byggingareglugerð.

Öll suðuvinna skal vera framkvæmd af aðila með gilt hæfnisvottorð.

Grundun

Byggingin er grunduð á þjappaðri fyllingu úr frostþolnu efni sem er lögð út á klapparbotn.
Nafnálag á fyllingu er 300kPa.

Fyllingin skal standast plötupróf og skal byggingastjóri ákveða staðsetningu þess. Nota skal plötu með 45cm þvermál og skal álag vera 5,5 tonn.

E_2 > 120 N/mm^2 (1200 kg/cm^2) og E_2/E_1 < 2,3

Sé notuð önnur plötustærð og/eða annað hámarksálag en tilgreint er að framan, skal verktaki leggja fram útreikninga sem sýni fram á að ofangreind skilyrði séu uppfyllt.
Efsta lag fyllingar undir botnplötum skal vera vel jöfnuð og þjöppuð sandfylling með kornastærð 0-19mm, þannig að hvergi muni meir en +/- 20 mm frá réttri hæð.

Almennt skal gilda um fyllingar að þær séu úr burðarhæfu, þjappanlegu, ólífrænu og frostþolnu efni með góðri kornadreifingu. Nota skal hraunfyllingu, fínt bögglaberg eða annað drenandi efni næst húsinu, minnst 0,5 m út frá veggjunum, t.d. harpaða sjávarmöl 5-30 mm. Þetta lag skal tengjast drenmöl umhverfis jarðvatnslagnir meðfram útveggjum, eins og fram kemur á teikningum.
Kornastærð fyllingarinnar sem leggst að einangruðum sökkulveggjum má ekki vera það stór að hún skemmi einangrunina.
Fyllingarefnið er háð samþykki eftirlitsmanns verkkaupa.
Efnið telst frostþolið ef minna en 5.5 % af þyngd efnisins er fínna en 0.075 mm. Ekki má fylla með frosnu efni eða efni sem blandað er snjó.
Stærsti steinn má ekki vera stærri en 2/3 af lagþykkt. Í efsta 1/2 metranum í fyllingunni undir húsinu og í efsta metranum í fyllingunni umhverfis húsið skal stærsti steinn þó ekki vera stærri en 15 cm í þvermál.
Kornadreifingu hvers lags skal þannig háttað að ekki sé hætta á að finni efni úr einu lagi gangi inn í grófara efni í næsta lagi undir eða yfir.

Frágangur fyllingar



0 1000 2000 3000 4000 5000
M 1:50 mm

008793
MÓTTEKIÐ
15. FEB. 2023
Fjallabyggð
ÚTG. DAGS. ÚTGÁFUFERILL HANNAÐ TEIKN. YFIRF.

VERKTEIKNING GERÐ Á GRUNNI AÐALUPPDRÁTTA SEM SAMÞYKKTIR VORU ÞANN:
04 JAN 2023
Ásgeir Ásgeirsson • kt.0801[illegible]5429

TEKNIK
VERKFRÆÐISTOFA
www.teknik.is teknik@teknik.is

Raðhús
Eyrarflöt 14-20
580 Siglufirði

Burðarvirki
Almennar skýringar, álagsforsendur
Steinsteypa, járnbending og grundun

TEIKNINÚMER	BLAÐSTÆRÐ	HANNAÐ: JF
21-109	A1	TEIKNAÐ: HA
B_A_XX_01		YFIRFARIÐ: JF
DAGS.	MÆLIKVARÐI	ÚTGÁFA
31.01.2023	Enginn	A

Dagsetning aðaluppdráttar:
Hönnuður: Jóhann Friðriksson kt.1607774439
Hönnunarstjóri: ----